

Liberty Iceland
Grænatunga 5
200 Kópavogur

Garðabær 24. mars 2025
202503-0229/p.V.B.
10.02.01

Efni: leyfi til kvikmyndatöku við Skógafoss og kvikmyndatöku og þyrlulendinga innan

Vatnajökulspjóðgarðs

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Liberty Iceland, dagsett 17. mars 2025, um leyfi til kvikmyndatöku við Skógafoss og kvikmyndatöku og þyrlulendinga innan Vatnajökulspjóðgarðs.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 477/1987](#). Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Samkvæmt [stjórnunar og verndaráætlun](#) náttúruvættisins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Vatnajökulspjóðgarður er friðlýstur sbr. [lög nr. 60/2007](#). Skv 5. mgr. 15. gr. laga um þjóðgarðinn skal afla leyfis þjóðgarðsvarðar til lendingar loftfars innan Vatnajökulspjóðgarðs. Skv 15. gr. a. laga um þjóðgarðinn skal afla leyfis þjóðgarðsvarðar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja í þjóðgarðinum, svo sem til kvikmyndunar, listviðburða, samkomuhalds og rannsókna. Þjóðgarðsverði er heimilt að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingu sem nauðsynleg eru. skv. 2. mgr.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að koma fyrir leikmun á áreyrum framan við Skógafoss og mynda þar. Innan Vatnajökulspjóðgarðs færu tökur fram við Skeiðarárjökull. Staðsetning mögulegra tökustaða við jökulinn fylgdi með á korti. Þyrla yrði notuð til að ferja leikmun, tökubúnað og starfsfólk til og frá tökustað. Dróni yrði notaður við tökurnar á báðum stöðum. Að tökunum kæmu 15 starfsmenn og færu þær fram á tímabilinu 24.-28. mars 2025.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðana. Við Skógafoss gætu tökur haft neikvæð áhrif á aðra gesti en mat stofnunarinnar er að hægt sé að draga úr þeim sé farið að skilyrðum leyfisins og tökur fari fram þegar færi gestir dvelja á svæðunum. Við Skeiðarárjökul færu tökur fram utan hefðbundina ferðamannastaða.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Liberty Iceland fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatökunni við Skógafoss og innan Vatnajökulþjóðgarðs og þýrlulendingum innan Vatnajökulþjóðgarðs vegna verkefnisins sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 24.-28. mars 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanna Náttúruverndarstofnunar á svæðunum hvenær verkefnið hefst við Skógafoss og við Skeiðarárjökul hvenær þýrluflugið hefst með sólahringsfyrirvara. Tilkynna skal einnig hvenær verkefninu er lokið.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum við Skógafoss og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Koma skal fyrir merkingum á tökustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Náttúruverndarstofnun við Skógafoss
- Óheimilt er að hindra útsýni og aðgengi gesta að Skógafoss og gönguleiðum á svæðinu.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð athafnasvæðis kvikmyndatökuliðsins skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tökurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Náttúruverndarstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Allur akstur utan vega er óheimill.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.

- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- **Vegna lífríkisverndar er óheimilt að fljúga inn í gilið við Skógafoss.**
- Óheimilt er að fljúga nær fuglabjörgum en 50 metra ef fugl er í bjarginu.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Náttúruverndarstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 1360/2024

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 1360/2024, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir rekstraraðilar dróna verða að skrá drónana hjá Samgöngustofu á vefsíðunni flydrone.is.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200.** sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Hrafnhildur Ævarsdóttir

þjóðgarðsvörður

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir

svæðissérfræðingur